

Nr.: GAT-044
Útgáfa: 03
Dags.: 12.04.2016
Höfundur: BEN
Samþykkt: SHJ
Síða 1 af 1

## Verkmenntaskólinn á Akureyri



### RALV1RÖ03 – Verkefni 5.

#### Verkefni 8 – Raflögn með þrýstirofum og veltirofa.

Veltirofi er annað nafn yfir stuðstraumsrofa, stuðstraumsliða eða kipliða.

Veltirofar eru með eina til þrjár afslsnertur með málstraum frá 10A til 16A. Á framhlið þeirra má stjórna virkni þeirra með sérstökum hnapp. Rofarnir eru tvistöðu þ.e. hafa tvær stöður og vinna þannig að í hvert sinn sem þeir fá púls frá þrýstirofa þá skiptir útgangs snerta um stöðu (ON verður OFF eða öfugt).

Fjarlægið tengla og rofa úr öllum dósum ásamt vírum þeim tengdum. Setjið bút af din skinnu við lausa stútinn á A dósinni en á hana smellur rofinn. Hager EP 510N.

Setjið þrýstirofa í dósir C, D og E og eiga þeir að stýra veltirofanum sem síðan kveikir ljós á peru í dós G.

Teiknið fjöllínumynd eftir einlínemyndinni þar sem tilgreind eru heiti og litir víra og sýnd tákni. Þegar þið hafið fengið hana samþykktu hjá kennara eigið þið að draga réttu víra í rörin eftir henni.

Athugið að í öllum ljósadósum á að vera jörð.

#### Athugið að öll mál eru gefin upp í millimetrum.

Þegar þið teljið ykkur vera búin að tengja kallið þið í kennarann sem fer yfir tengingar með ykkur áður en þið prófið.

Þegar þið hafið lokið við verkefnið takið þið mynd af spjaldinu ykkar sem fer í ferilbókina ásamt fjöllínumyndinni og ykkar lýsingu á verkefninu.

Í lýsingu á að koma fram hvernig ykkur gekk að vinna verkefnið, hvað ykkur fannst erfitt og svo annað sem þið viljið að komi fram.

